



**Hagstofa Íslands**

*Alþingi  
Erindi nr. P 135/683  
komudagur 4.12.2007*

3. desember 2007

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

**Varðar: Efnahags- og skattanefnd Alþingis, 131. mál, frumvarp til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum um tryggingagjald og lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, bréf nefndarinnar 19. nóvember 2007**

Með frumvarpi þessu er lagt til að tekin séu af tvímæli um hver skuli teljast launagreiðandi starfsmanna sem ráðnir eru til starfa á grundvelli samnings um útleigu á vinnuafli hafi hlutaðeigandi starfsmannaleiga ekki skattalegt heimilisfesti hér á landi.

Auk mikilvægis þessa í skattalegu tilliti sýnist þetta einnig geta snert upplýsingagjöf til hagskýrslugerðar og til hvaða aðila skuli leitað um slíkar upplýsingar. Hagstofan mælir því með samþykkt þessa frumvarps.

F. h. r.